

Mál nr. 361/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 1. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 24. júní 2020, er hann var að störfum hjá X, orðið fyrir slysi. Atvik hafi verið þau að M varð fyrir raflosti er hann snerti kryddara og blöndunartromlu samtímis. M hafi verið að hreinsa krydd úr blöndunartromlu en við hlið hennar hafi verið kryddari sem skammti kryddi inn í tromluna. M hafi snert bæði tækin samtímis og fengið við það rafmagnsstuð sem olli því að hann missti meðvitund og féll í gólfið. Vegna tjóns sem hann rekur til þessa hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V, en V hafi, með bréfi dags. 3. nóvember 2021, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að verkstjóri og fyrirsvarsmenn X hafi ekki haft vitneskju um að kryddarinn leiddi út rafmagni svo og því að engin útskýring hafi fundist á rafmagnsbilun. M fellir sig ekki við þá afstöðu. Lögregla og Vinnueftirlit hafi verið kvödd á vettvang og samkvæmt takmarkaðri úttekt þess síðarnefnda hafi verið gerð athugasemd við öryggi fyrrgreindra tækja og öll vinna við þau bönnuð þar til þau hefðu verið yfirfarin og öryggi starfsfólks tryggt. Þá hafi verið gerð athugasemd við skort á áhættumati. Í skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar komi þá fram að ekki hafi fundist bein skýring á orsökum slyssins en farið hafi verið fram á að löggiltur rafverktaki lagfærði raflagnir og yfirfæri vélbúnað. Í skýrslunni komi jafnframt fram að líklegast hafi bilun í kryddvélinni valdið raflosti M en lausataug hafi verið sprungin á nokkrum stöðum og sést inn í leiðara. Eftir slys M hafi verið framkvæmdar úrbætur sem fólust í viðgerðum á rafmagnstöflu, endurnýjun á köplum, endurnýjun á rafmagni í vélinni sem slysið varð við og endurnýjun á mótör vegna athugasemda Vinnueftirlitsins. Fyrirliggjandi séu þá skýrslur vitna fyrir héraðsdómi og staðfesti þær að rafmagnsvandamál í kryddaranum hafi verið þekkt innan X fyrir slysið. Aðrir starfsmenn hafi fengið raflost frá tækinu auk þess sem rafmagn hafi átt það til að slá út við notkun þess. Engar skriflegar verklagsreglur hafi þá legið fyrir vegna vinnu við tækin heldur hafi verið gefin munnleg fyrirmæli um að snerta þau ekki bæði samtímis. Ljóst sé að slys M verði rakið til vanbúnaðar kryddara og hættueiginleika hans sem vinnuveitandi hafi verið fullmeðvitaður um. Hafi V brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna settra með stoð í þeim með vanrækslu á því að tryggja nægilegar öryggisráðstafanir á vinnustaðnum og að hægt væri að framkvæma störf þannig að ekki skapaðist hættu á heilsutjóni.

Í bréfi sem sent er af hálfu V til nefndarinnar kemur fram að V telji atvik í fyrsta lagi með öllu ósönnuð; í öðru lagi sé ósannað að eitthvað hafi verið athugavert við aðstæður á vinnustaðnum; í þriðja lagi að við mat á sök verði þá að hafa í huga stöðu M sjálfs; og í fjórða lagi, hafi um annað borð verið um bótaskyld atvik að ræða, að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Hvað varði fyrsta atriðið þá hafi M lýst atvikum svo fyrir lögreglu að hann hafi verið að þrífa tromluna en notað of lítinn pappír og því fengið raflost. Hafi hann verið fastur við tromluna þar til náðist að „rífa“ hann af henni. Frásögn M í tilkynningum til V og sjúkratrygginga sé á nokkuð annan veg en þar komi fram að hann hafi verið að þrífa krydd úr stáltromlu, lagt vinstri hönd á tromluna og farið með hægri hönd eða fingur í kryddvélina. Við það hafi hendur hans festst við vélarnar vegna rafmagnsleka úr kryddvélinni. Engin vitni hafi verið að atvikinu sem slíku, heldur aðeins því að M lá í gólfinu. Því sé því mótmælt af hálfu V að M hafi fengið rafstraum, engin sönnun liggi fyrir varðandi það og aðeins sé til að dreifa einhliða frásögn M um orsakir þess að hann lá á gólfinu. Sönnunarbyrði um atvik hvíli á M og við rannsókn á vélinni hafi ekkert fundist sem bendi til þess að hún leiði út rafmagn eða hafi verið athugaverð að öðru leyti. Hvað varðar annað atriðið, þ.e. að ósannað sé að aðbúnaður á vinnustað hafi verið ófullnægjandi er vísað til þess að vélbúnaður sá sem M segist hafa verið að vinna við hafi verið skoðaður og einangrunarmældur og ekkert hafi fundist við þá skoðun og engin einangrunarbilun mælst við prófun. Þá hafi umræddar vélar verið lengi í notkun án þess að sambærileg atvik hafi komið upp. Eigi fullyrðingar M um

rafmagnsútleiðslu því ekki við nein rök að styðjast. Það að vélbúnaður sé orðinn gamall og farinn að láta á sjá jafngildi ekki vanbúnaði eða því að lagaáskilnaði sé ekki fullnægt. Viðhald sem ráðist hafi verið í sýni þá ekki fram á að sök hafi verið til staðar eða búnaður hafi verið bilaður eða ófullnægjandi að einhverju leyti. Þá er því alfarið hafnað að vitneskja hafi verið til staðar um að vélarnar leiddu út eða að kvartað hafi verið vegna ástands þeirra. Engin sönnun þess sé meðal málgagna og vitni hafi lýst því fyrir héraðsdómi að hún kannist ekki við neitt slíkt. Með öllu sé ósannað að eitthvað tengt vélunum hafi leitt til þess að M féll í gólfið og liggja ekkert fyrir um orsök þess. Skortur á skriflegu áhættumati skipti þá engu máli hvað meinta sök X vegna þessa atviks varði, enda hvorki sýnt fram á að tjón M hafi tengst vélunum eða að skriflegt áhættumat hefði breytt einhverju um atvik málsins. Hvað þriðja atriðið, þ.e. stöðu M sjálfs varðar, verði að hafa í huga að M hafi verið verkstjóri og beri því ákveðnar skyldur sem slíkur, sbr. 20.-23.gr. laga nr. 46/1980. Sé fallist á fullyrðingar M að um alþekkt vandamál hafi M því borið að hlutast sjálfum til um úrbætur en ekkert liggja fyrir um að það hafi verið gert. Sé um sök að ræða hvíli hún því á M sjálfum sem hafi vanrækt verkstjóranskyldur sínar. Hvað fjórða atriðið varðar sé það þá svo, þyki á annað borð sannað að slys M hafi atvikast með þeim hætti sem hann haldi fram, að skerða beri bótarétt hans að fullu, eða í öllu falli að mestu, með vísan til stórfellds gáleysis hans sjálfs, sbr. 1. mgr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993. Sé fallist á frásögn M verði enda að miða við að M hafi snert báðar vélarnar samtímis þrátt fyrir að hafa vitneskju um þá hættu sem það hefði í för með sér.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Af gögnum málsins er nokkuð óljóst hvort sjónarvottar hafi orðið að tildrögum umrædds atviks. Í lögregluskýrslu, dags. 24. júní 2020, kemur fram að Y hafi orðið vitni að því sem gerðist og er haft eftir honum að vélin hafi verið neikvætt hlaðin meðan tromlan hafi verið jákvætt hlaðin sem leitt hafi til þess að M hafi fengið raflost við snertingu á tromlunni og síðan kastast í gólfið. Vitnaskýrsla var síðan tekin af Y fyrir héraðsdómi og er vitnisburður hans hvað varðar atvik málsins þar nokkuð óljósari en virðist þó mega ráða af honum að Y hafi heyrt öskur og M hafi dottið öskrandi á gólfið. Hann hafi þá virst vera í öndunar- og hjartastoppi. Skýrsla var jafnframt tekin af vitninu Z fyrir héraðsdómi og kemur þar fram að hún hafi heyrt í M, snúið sér við og séð að hann var búinn að sleppa tækjunum og á leiðinni að detta í gólfið. Í fyrirliggjandi tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 14. september 2020, kemur þá jafnframt fram að M hafi fengið raflost. Fulltrúi X skrifar undir tilkynninguna ásamt M en gerir þó fyrirvara um þennan lið tilkynningarinnar. Ekki er ljóst af gögnum málsins hvort M hafi haft vitneskju um umræddan fyrirvara, né verður ráðin af tilkynningunni nánari útlistun þess í hverju hann sé fólgin, en engin sjálfstæð frásögn eða yfirlýsing frá X liggur fyrir nefndinni. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem fyrir nefndinni liggja verður þá ekki séð annað en að gengið sé út frá því að um raflost hafi verið að ræða og eru ekki bornar brigður á þá frásögn M. Nefndin telur því nægilega sýnt fram á að M hafi fengið raflost umrætt sinn. Skiptir ekki máli í því sambengi þó í lögregluskýrslu sé haft eftir M að hann hafi notað of lítinn pappír við þrif og því fengið raflost, en í málskoti sé byggt á því að M hafi snert tromlu og blandara samtímis og það leitt til raflosts, en ekki verður talið slíkt ósamræmi í frásögn M að það dragi úr trúverðugleika þess að um raflost hafi verið að ræða. Verður því ekki fallist á málatilbúnað V hvað það varðar að atvikið sem slíkt sé ósannað.

Kemur þá til skoðunar hvort tjón það sem M varð fyrir verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð vegna. Í rannsóknarskýrslu Húsnæðis- og mannvirkastofnunar, dags. 4. mars 2020, kemur fram að samkvæmt upplýsingum rekstraráðila sé talið fullvíst að kryddblöndunarvélin hafi leitt út. Þá kemur fram að vélbúnaðurinn sé orðinn nokkuð gamall og vegna framleiðslunnar setjist olíublandað loft á hann. Rafstrengir kryddblöndunarvélarnar hafi verið orðnir harðir og á einum stað sjáist inn að leiðara. Þá voru gerðar athugasemdir við greinatöflu auk þess sem bilunarstraumsrofi (lekaliði) væri með of hátt málgildi bilunarstraums miðað við notkun. Í niðurstöðukafla segir að ekki hafi fundist bein skýring á orsökum slyssins við skoðun, sem fólst í sjónskoðun og einangrunarmælingu, en í myndatexta við ljósmynd af kryddvélinni segir þó að líklegast sé að bilun í vélinni eða lögn að henni hafi verið valdur að raflosti M. Var farið fram á að málgildi bilunarstraums yrði lækkað og að rafverktaki yrði fenginn til að lagfæra raflagnir, yfirfara vélbúnað og lagfæra einangrunarbilun. Tilmæli í takmarkaðrar úttektar Vinnueftirlitsins, dags. 26. júní 2020, voru þá sú að öll vinna við umrædd tæki væri bönnuð þar til þau

hefðu verið yfirfarin og öryggi starfsfólks tryggt og að gera skyldi skriflegt áhættumat um öryggi og heilbrigði. Í tölvupósti frá Vinnueftirlitinu, dags. 25. febrúar 2021, kemur þá fram að X hafi tilkynnt stofnuninni um úrbætur, m.a. með lýsingum á viðgerðum á rafmagnstöflu, endurnýjun á köplum, endurnýjun á rafmagni í umræddri vél og endurnýjun á mótör. Frekari upplýsingar eða skýrslur um þær úrbætur liggja ekki fyrir nefndinni. Í skýrslum vitnanna Y og Z fyrir héraðsdómi kemur þá fram að aðrir starfsmenn hafi orðið fyrir raflosti við sambærilegar aðstæður, þó ekki verið fullyrt um fjölda slíkra tilvika eða alvarleika þeirra. Þá kemur fram í máli beggja vitna að starfsfólk hafi verið varað við því að hafa hendurnar samtímis á báðum vélunum enda væri þá hætta á raflosti. Jafnframt má ráða af vitnisburði Z að vélin hafi slegið út rafmagni. Af öllu framangreindu er það mat nefndarinnar að einhvers konar bilun, jafnvel þó Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafi ekki tekist að greina hana við þá skoðun sem fór fram af hálfu stofnunarinnar, í rafkerfi vélbúnaðar hafi valdið raflosti M. Þá er það jafnframt mat nefndarinnar að forsvarsmenn X hafi haft vitneskju um að hætta á raflosti væri til staðar og ekki hafi verið brugðist við þeirri vitneskju með fullnægjandi hætti. Verður því að líta svo á að vitneskja um ófullnægjandi aðbúnað í skilningi laga nr. 46/1980 hafi verið til staðar af hálfu X. Verður samkvæmt framansögðu að telja nægilega sýnt fram á orsakatengsl milli athafnaleysis X að þessu leyti og líkamstjóns M.

Kemur þá til skoðunar hvort staða M sjálfs hjá X hafi áhrif á réttarstöðu hans. V byggir á því að M hafi gegnt stöðu verkstjóra og beri því ábyrgð á því að starfsskilyrði séu fullnægjandi hvað varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980. Í tilkynningu um slysið til Vinnueftirlitsins kemur fram að M sé verkstj/verksmiðjustj. Engar frekari upplýsingar um hlutverk eða starfssvið hans, s.s. upplýsingar úr starfslýsingu eða skipuriti, er þó að finna í gögnum málsins, og bæði vitnin tilgreina annan aðila, P, sem verkstjóra sinn og yfirmann M. Er því, af gögnum málsins, ekki sýnt fram á að M hafi verið verkstjóri í skilningi 20. gr. laga nr. 46/1980. Kemur þetta atriði því ekki til frekari skoðunar.

Að endingu kemur til skoðunar hvort rétt sé að skerða bætur til M vegna meðábyrgðar hans, enda sé sýnt að hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í því að tjónsatburður varð, sbr. 1.mgr. 23.gr. a. skaðabótalaga. Samkvæmt framansögðu er byggt á því að M hafi fengið raflost sem rekja megi til vanbúnaðar á vinnustað hans, en ekki liggur annað fyrir en að M, eins og öðru starfsfólki hafi verið kunnugt um hættu á raflosti við tilteknar aðstæður. Burtséð frá því verður ekki litið svo á að í því að snerta tvær vélar sem standa nálægt hvor annarri samtímis felist stórkostlegt gáleysi. Þannig sé það afar líkleg atburðarás við starfið að slík snerting eigi sér stað án þess að það verði metið viðkomandi til stórkostlegs gáleysis enda þurfi þá mun meira að koma til.

Samkvæmt öllu framansögðu er því óskertur bótaréttur úr ábyrgðartryggingu X til staðar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir